



Háubakkar

Verndar- og stjórnunaráætlun 2015-2024

Júní 2015



UMHVERFISSTOFNUN

Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN	1-3
1. INNGANGUR	1-4
1.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	1-4
1.2. Eignarhald og umsjón	1-4
1.3. Verndargildi og verndarflokkur	1-4
2. LÝSING Á SVÆÐINU	2-6
2.1. Mörk svæðisins.....	2-6
2.2. Náttúruminjar	2-6
2.2.1. Jarðminjar	2-6
2.2.2. Gróður og dýralíf.....	2-7
2.3. Innviðir og mannvirki	2-7
2.4. Fræðsla og rannsóknir	2-7
2.5. Útivist	2-7
2.6. Umgengni.....	2-7
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR	3-8
3.1. Náttúruminjar	3-8
3.2. Innviðir og mannvirki	3-8
3.3. Fræðsla og rannsóknir	3-8
3.4. Útivist	3-9
3.5. Umgengni.....	3-9
VIÐAUKI I	3-10
VIÐAUKI II	3-11

Aðgerðaáætlun

Áætlun þessi er samantekt á þeim aðgerðum sem vinna skal að á gildistíma verndar- og stjórnunaráætlunarinnar. Aðgerðaáætlunina skal endurskoða samhliða verndar- og stjórnunaráætlun og oftár ef þurfa þykir að mati Umhverfisstofnunar eða Reykjavíkurborgar.

Náttúruminjar

- Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg munu árlega vinna að því að stemma stigu við útbreiðslu lúpínu og skógarkerfils.

Innviðir og mannvirki

- Reykjavíkurborg mun setja upp skilti með leiðbeiningum um umgengni á svæðinu fyrir árið 2024.
- Reykjavíkurborg mun fjarlægja leifar af útsýnispalli eigi síðar en árið 2018.
- Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg munu meta þörf á stígagerð þegar gerð deiliskipulags fyrir Vogabyggð verður lokið.
- Gönguleiðum verður viðhaldið eftir þörfum og í samræmi við umsjónarsamning.

Fræðsla og rannsóknir

- Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg geri fræðsluefni um hið friðlýsta svæði aðgengilegt á heimasíðum sínum eigi síðar en árið 2016.

Umgengni

- Umsjónaraðili mun vakta svæðið reglulega og fjarlægja rusl eftir því sem tilefni er til.

1. Inngangur

Háubakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1983. Á svæðinu er að finna þykk setlög sem bera merki um áhrif loftslagsbreytinga á ísöld. Í setlögum er m.a. að finna þykkt surtarbrandslag.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir svæðið er að leggja fram stefnu um verndun náttúruvættisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess. Verndar- og stjórnunaráætlunin var unnin af starfsfólki umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Verndar- og stjórnunaráætlunin gildir til ársins 2024. Meðfylgjandi áætluninni er aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra áætlunina.

Nánari lýsingu og fróðleik um Háubakka má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>

1.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Háubakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1983 með auglýsingu nr. 347/1983 í Stjórnartíðindum B. Auglýsinguna má sjá í viðauka I.

Í Reykjavík er í gildi aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 sem samþykkt var í borgarstjórn þann 26. nóvember 2013. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir friðlýsingu svæðisins. Deiliskipulag sem nær til svæðisins var samþykkt þann 19. maí 1994.

1.2. Eignarhald og umsjón

Náttúruvættið Háubakkar er í eigu Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 hefur Umhverfisstofnun umsjón með svæðinu, en Reykjavíkurborg var falin dagleg umsjón þess og rekstur með samningi árið 2015.

1.3. Verndargildi og verndarflokkur

Markmiðið með friðlýsingu Háubakka er m.a. að varðveita jarðmyndanir svæðisins í núverandi mynd, en á svæðinu er að finna þykk setlög sem bera merki um áhrif loftslagsbreytinga á ísöld. Í setlögum er meðal annars að finna þykkt surtarbrandslag. Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í setlögum frá ísöld, bæði sjávar- og þurrlendissetlögum með steingervingum og jökulbergi. Verndargildi svæðisins felst einnig í staðsetningu þess, en aðgengi að svæðinu fyrir almenning og vísindamenn er gott og svæðið því mjög ákjósanlegt til fræðslu og rannsókna.



Háubakkar eru friðlýstir sem náttúruvætti og falla í verndarflokk III samkvæmt friðlýsingaflokkun IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin). Í þeim flokki eru náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að vernda vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna, t.d. fossar, eldstöðvar, hellar, drangar, fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda. Alla jafna eru svæði í flokki III fremur lítil, en hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir gesti.

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Friðlýsta svæðið Háubakkar eru 2,1 hektarar að stærð. Svæðið er staðsett innst í Elliðaárvogi að vestan og liggur að Súðarvogi í vestri, að Naustavogi í austri og að mótum gatnanna tveggja í suðri. Að norðri liggur svæðið að lóðum er tilheyrta athafna- og verslunarhúsnæði í Súðarvogi. Mörk svæðisins má sjá á mynd í viðauka II.

2.2. Náttúruminjar

2.2.1. Jarðminjar

Setlögin í Háubökkum tilheyrta svokölluðum Elliðavogslögum sem mynduðust að öllum líkindum á löngu tímabili sem hófst fyrir meira en 300 þúsund árum og varði í a.m.k. 100 þúsund ár. Bæði er um sjávar- og þurrlendisset að ræða sem bendir til þess að sjávarstaða hafi verið all breytileg á þeim tíma er setlögin mynduðust. Elliðavogslögin eru talin ná frá Brimnesi suður að Álftanesi, en Háubakkar eru með betri stöðum þar sem opnur eru að setlögnum sem víðast hvar eru grafin fyrir neðan yngri hraun- og setlög.

Neðstu setlögin eru jökulberg, líklega rúmlega 300 þúsund ára gamalt. Fyrir ofan jökulbergið taka við sjávarsetlög sem benda til hærri sjávarstöðu í kjölfar þess að jöklar bráðnuðu. Í sjávarsetlögnum er nokkuð af steingervingum af kuldasæknum tegundum. Fyrir ofan sjávarsetið er meira jökulberg sem er talið vera um 250 þúsund ára gamalt. Efst í setlögnum er síðan þurrlendisset, einkum móset, meðal annars surtarbrandur þar sem ýmsar plöntuleifar er að finna.



2.2.2. Gróður og dýralíf

Verndun lífríkis er ekki upprunalegt markmið með friðlýsingu Háubakka. Hins vegar liggur svæðið að fjörum þar sem er töluvert fuglalíf og nokkuð um strandgróður. Þá er fjölbreytileiki plantna sem vex ofan á bökkunum og í skriðum mikill, sérstaklega gras og blómlendi, auk þess sem nokkuð stórvaxinn trjágróður finnst á svæðinu. Ágengar tegundir eins og alaskalúpína og skógarkerfill finnast á svæðinu.

Fuglar eru áberandi á svæðinu, einkum vaðfuglar, enda stendur svæðið við vog. Skordýralíf er töluvert.

2.3. Innviðir og mannvirki

Einn malarborinn göngustígur er á svæðinu. Hann liggur frá akveginum að smábátahöfninni suðaustan megin við svæðið niður í voginn og endar við syðsta enda setlaganna. Fræðsluskilti er við upphaf stígsins, rétt utan við friðlýsta svæðið að suðaustanverðu. Skiltið var uppfært og endurbætt árið 2014. Eiginlegt bílastæði er ekki á svæðinu, en pláss er til að leggja bíl nálægt fræðsluskiltinu. Ofan á bakkanum sunnarlega á svæðinu eru leifar af gömlum útsýnispalli og liggur stigi niður að honum frá steinveggnum.

2.4. Fræðsla og rannsóknir

Háubakkar hafa mikið fræðslu og rannsóknargildi í jarðfræði, jarðsögu og steingervingafræði og hafa kennarar og fræðimenn nýtt svæðið fyrir kennslu og rannsóknir. Jarðminjar svæðisins veita mikilvæga innsýn í jarðsögu Reykjavíkur og endurspeгла setlögin um 100 þúsund ára sögu sem einkennist af miklum umskiptum í veðurfari, sjávarstöðu og landmótun. Þá veita þau einnig góðar upplýsingar um sögu lífríki sjávar á þessum slóðum og upplýsingar um gróðurfar á þurrlendi. Sjaldgæft er að svo gott aðgengi sé að steingervingum líkt og raunin er á Háubökkum.

2.5. Útivist

Svæðið hefur ágætt útivistargildi þó að það sé ekki stórt og hlutar þess nokkuð torfarnir. Svæðið er í nágrenni vinsælla útvistarsvæða, s.s. Elliðaárdals, Fossvogsdals og Laugardals. Vegna þess hve svæðið er einangrað og lítið áberandi er umferð fólks um það ekki mikil.

2.6. Umgengni

Umgengni á svæðinu hefur verið ábótavant. Nokkuð af rusli hefur verið hent fram af Háubökkum, sérstaklega á svæðinu norðanverðu.

3. Markmið, stefna og leiðir

3.1. Náttúruminjar

Vernda skal jarðminjar svæðisins og gæta þess að framkvæmdir, gróður og ágangur manna rýri ekki ásýnd þeirra eða breyti landslagi svæðisins. Stefnt skal að útrýmingu lúpínu og skógarkerfils, en öðrum gróðri sem skyggir á jarðmyndanirnar skal haldið í skefjum og fjarlægður eftir því sem ástæða þykir til. Ekki skal dreifa framandi tegundum á svæðinu. Við skipulag og framkvæmdir innan svæðisins skal verndun jarðmyndana höfð að leiðarljósi.

Aðgerðir

- Unnið verður að því að stemma stigu við útbreiðslu lúpínu og skógarkerfils á svæðinu.

3.2. Innviðir og mannvirki

Allar framkvæmdir innan svæðisins skulu vera unnar í sátt við náttúruminjar svæðisins. Innviðir skulu stuðla að verndun svæðisins og gera móttöku og upplifun gesta sem heimsækja svæðið sem jákvæðasta. Reglulegt viðhald skal vera á öllum innviðum svo að sómi sé af.

Aðgerðir

- Sett verður upp skilti með leiðbeiningum um umgengni á svæðinu.
- Leifar af útsýnispalli verði fjarlægðar.
- Metin verður þörf á stígagerð.
- Gönguleiðum verði viðhaldið eftir þörfum.

3.3. Fræðsla og rannsóknir

Fræðsluefni um náttúruvættið, jarðminjar og verndargildi þeirra skal vera aðgengilegt á heimasíðum Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar og á svæðinu sjálfu (fræðsluskilti). Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og auðskilinn hátt og stuðla að því að gestir, nemendur og íbúar í nágrenni svæðisins læri að meta, skilja og tengjast náttúruminum svæðisins og þannig stuðla að góðri umgengni. Hvatt skal til hvers konar rannsókna á svæðinu, svo fremi að þær rýri ekki verndargildi svæðisins.

Aðgerðir

- Fræðsluefni um friðlýsta svæðið verði aðgengilegt á heimasíðum.

3.4. Útivist

Stefnt skal að því að vekja athygli almennings á svæðinu sem útivistarsvæði. Náttúruvættið skal vera aðgengilegt almenningi til útivistar. Svæðinu verði haldið snyrtilegu og mannvirkjum viðhaldið til að auka ánægju gesta.

3.5. Umgengni

Stuðlað skal að betri umgengni um svæðið en verið hefur. Rusl sem safnast hefur upp undanfarin ár á svæðinu verður fjarlæggt.

Aðgerðir

- Rusl verður fjarlæggt eftir því sem tilefni er til.

Viðauki I

Stj.tíð B, nr. 347/1983.

Auglýsing um friðlýsingu Háubakkar í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] að tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur og í samráði við umhverfismálaráð og skipulagsnefnd borgarinnar, fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Háubakka við Elliðaárvog í Reykjavík sem náttúruvætti.

Um mörk náttúruvættisins gilda eftirfarandi ákvæði:

Að vestan fylgja mörkin steypum stöðvegg austan Súðarvogs að enda hans gegnt Tranavogi, frá punkti 1 (hnit x: 18059.19, y: 16237.0) norður að punkti 2 (x: 18066.71, y: 16360.65) sbr. upprátt. Þaðan bein lína til norðausturs í punkt 3 (x: 18030.28, y: 16409.50) og þaðan ræður hringbogi að punkti 4 (x: 18024.46, y: 16420.59) með 40.0 m radius og miðju í punkt 36 (x: 18062.35, y: 16433.41). Síðan ræður bein lína til norðausturs að punkti 5 (x: 17995.26, y: 16506.87), þaðan til norðurs í punkt 6 (x: 17985.79, y: 16558.0), þar beygja mörkin til austurs í punkt 7 (x: 17908.0, y: 16558.0), þá til suðvesturs í punkt 8 (x: 18006.0, y: 16290.0) og enn til suðausturs í punkt 9 (x: 18038.0, y: 16237.0). Þá beygja mörkin loks til vesturs aftur í punkt 1 við Súðarvog. Mörkin fylgja hnitapunktum úr hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Varðveita skal jarðmyndanir svæðisins í núverandi mynd. Hverskonar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi leyfi [Umhverfisstofnunar].
2. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Þá er borgarstjórn heimilt, að höfðu samráði við umhverfismálaráð og skipulagsnefnd að setja nánari reglur um umferð og umgengni um svæðið.
3. Hverskonar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á hinu friðlýsta svæði.

Umhverfismálaráð hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði [Umhverfisstofnunar] og borgarstjórnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 30. maí 1983.

Ragnhildur Helgadóttir.

Birgir Thorlacius


Viðauki II

Kort af svæðinu



30. júní 2015

F.h. Umhverfisstofnunar,



Kristín L. Árnadóttir, forstjóri



Hildur Vésteinsdóttir, teymisstjóri

Með undirskrift þessari staðfestist að Reykjavíkurborg muni koma að uppbyggingu svæðisins með þeim hætti er fram kemur í verndar- og stjórnunaráætluninni.

F.h. Reykjavíkurborgar,



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri